

VATNAVEIÐI

VEIÐI Á SKAGAHEIÐI






Bleikja í Hörtnárvatni.

Veði á Skagaheiði

Skagaheiði er stórkostlegt land sem fáir þekkja, þar er töfrandi fegurð og heillandi möguleikar til útivistar. Landslagið er tiltölulega lágt, yfirleitt undir tvö hundruð metrum. Stórar klettaborgir breiða víða úr sér og í lægðum á milli þeirra eru veiðivötnin sem vart eiga sinn líka hér á landi.

Í þessu riti er að finna upplýsingar um nærri fjörutíu vötn. Markmiðið með útgáfunni er að gefa gott yfirlit um veiðivötnin og aðgengi að þeim með myndum og stuttum texta. Í miðopnunni er kort af Skaga. Þau vötn sem fjallað er um í bæklingnum eru öll númeruð. Í texta er getið um fimm atriði: Veiðileyfi, vegalengd frá Skagaströnd, aðkomu að vatni, veiði og stærð vatns. Leitast hefur verið við að birta myndir af sem flestum vötnum.

Malarvegur er frá Skagaströnd og fyrir Skaga. Hann tengir saman bæi sem allflestir eru við ströndina. Upp að veiðivötnum liggja víða jeppaslóðar. Örfáir þeirra eru vel færir, jafnvel fyrir fólksbíla, en um aðra þarf að aka á fjórhjóladrifsbílum og svo eru sumir ekkert annað en troðningar sem auðveldlega geta spillist í rigningartíð. Vart þarf að geta þess að allur akstur utan vega er með lögum óheimill á Skagaheiði eins og annars staðar í landinu.



Útgefandi: Róbert Freyr Gunnarsson, Skagaströnd 2012

Ritstjórn: Sigurður Sigurðarson

Ráðgjöf og aðstoð: Ingibergur Guðmundsson,
Magnús B. Jónsson, Bjarni Jónsson

Myndir: Magnús Valdimar Guðlaugsson (MVG), Ragnar Hólm Ragnarsson (RHR), Sigurður Sigurðarson (SS)

Umbrot: Hugverkasmíðjan/Helgi Sigurðsson

Prentun: Nýprent, Sauðárkróki



Miklu meira en veiðivötnin


Skaginn er einn af útvörðum Íslands til norðurs og ber mörg einkenni þess. Gróðurfar á svæðinu ber víða vott hinna norðlægu slóða þar sem skiptast á gróðurlitlir malarásar og gróðursælir dalir, hvíltir og lautir. Fjölbreytileiki gróðurtegunda er mikill, allt frá elftingum og skófum upp í fjalldrapa og hrís. Við ströndina eru brimsorfnir klettur og björg. Má þar nefna Króksbjarg, Kálfshamarsvík og Ketubjörg. Inni í landi eru veiðivötnin, mosagrónar klettaborgir, stórkostlegt útsýni til þriggja höfuðáttanna en í norður er eilífðarútsærin.

Fuglalíf á hinum víðáttumiklu heiðalöndum á Skaga, svo og á vötnum og tjörnum er mjög fjölskrúðugt og þar má finna fjölda fuglategunda. Þar verpa margar tegundir mófugla, vaðfugla og spörfugla og auðvitað vaka ránfuglarnir síðan yfir og eiga sér sína laupa, óðul og veiðisvæði. Á góðviðrisdögum ómar Skaginn og Skagaheiðin af samsöng þessara íbúa náttúrunnar.

Sagan og fortíðin eiga sér líka sína fulltrúa inni á heiðinni. Þar má finna rústir smábýla og selja. Slóðirnar að þeim eru orðnar grónar og einungis farnar af búfénaði og stöku ferðalangum en voru áður hluti þjóðleiða milli héraða. Sögurnar sem landið geymir eru fjölmargar af ferðum þeirra sem götuna tróðu, sigrum og ósigrum. Sumar hafa geymst og verið ritaðar, aðrar eru horfnar eins og þeir sem kotin byggðu.

Bæði þjóðsögur og örnefni eiga sér samastað á Skaga. Sumar tengjast veiðivötnum og hafa kannski verið sagðar til skemmtunar og til að skapa spennu í tilveruna. Í Kambadal upp af Hrafnadal er til dæmis lítil tjörn sem heitir Skrímslatjörn. Sagan hermir að þar búi ógurlegt skrímsli sem eigi sér undirgöng og geti líka komið upp í tjörn lengst úti á Skaga. Munnmæli segja frá því að nykur hafi verið í Torfdalsvatni og verið fólki varasamur. Sagnir eru til um loðsilung sem varð fólki að aldurtíla á Kaldrana. Ekki má nefna þjóðsögur á Skaga án þess að minnst á tröllkonuna Kólku sem réri á steinnökva sínum frá Höfnum og svalg allt vatn úr Kólkutjörn, með öllum kvikindum sem í því voru, eftir að hafa róið að landi í óveðri með báta tvo í togi.

Veðurfar á Skaga ber öll einkenni hinna norðlægu slóða. Snögg veðrabrigði geta orðið og góðviðrisdagur breyst með stuttum fyrirvara í storm með regni eða snjókomu eftir árstíðum. Köld þokan læðist stöku sinnum inn með norðanáttinni en fer oft ekki fjarri sjó. Allt þetta verður sá sem fer um Skagann og heiðina að skoða og virða því náttúran getur verið óvægin ef óvarlega er farið.



Skýringar

Veiðileyfi: Áður en farið er til veiða þarf að kaupa veiðileyfi. Einnig þegar veiðivatnið er í afréttarlöndum.

Skagaströnd: Vegalengd frá Skagaströnd að vegi eða slóða sem liggur að vatninu eða sem næst því.

Aðkoma: Vegur eða jeppaslóð að vatni.

1 Langavatn

Veiðileyfi: Steinnýjarstaðir

Skagaströnd: 11 km að bænum

Aðkoma: Um 8 km jeppavegur

Veiði: Bleikja og urriði

Stærð vatns: 3,5 km²

2 Skjaldbreiðarvatn

Veiðileyfi: Örlýgsstaðir, Hlíð

Skagaströnd: 11 km

Aðkoma: Enginn vegur, gengið frá Langavatni

Veiði: Bleikja og urriði

Stærð vatns: 0,3 km²

3 Laxárvatn

Veiðileyfi: Veiði bönnuð

Skagaströnd: 25 km að jeppaslóða

Aðkoma: Um 2 km jeppaslóði að vatninu

Veiði: Bleikja og urriði

Stærð vatns: 0,3 km²

4 Nesvötn

Veiðileyfi: Tjörn

Skagaströnd: 25 km

Aðkoma: Enginn vegur, gengið frá Laxárvatni

Veiði: Bleikja og urriði

Stærð vatns: 0,3 km²

5 Torfdalsvatn

Veiðileyfi: Tjörn og Hafnir

Skagaströnd: 28 km

Aðkoma: Vatnið er við þjóðveginn

Veiði: Bleikja og urriði

Stærð vatns: 0,6 km²

6 Rekavatn

Veiðileyfi: Hafnir

Skagaströnd: 31 km

Aðkoma: Vatnið er norðan við bæinn

Veiði: Bleikja og urriði, stangveiði vonlítill

Stærð vatns: 0,9 km²

7 Selvatn (nyrðra)

Veiðileyfi: Hafnir

Skagaströnd: 33 km að jeppaslóð

Aðkoma: Um 3 km jeppavegur að skála

Veiði: Bleikja og urriði

Stærð vatns: 0,9 km²

8 Múlavatn

Veiðileyfi: Hafnir og Víkur

Skagaströnd: 38 km

Aðkoma: Enginn vegur er að vatninu

Veiði: Mjög lítil veiði

Stærð vatns: 0,3 km²

9 Geitakarlsvötn

Veiðileyfi: Víkur

Skagaströnd: 39 km

Aðkoma: Vötnin eru við þjóðveginn

Veiði: Bleikja og urriði

Stærð vatns: 0,4 km²

10 Þrístikla

Veiðileyfi: Víkur

Skagaströnd: Sjá leið að Selvatni

Aðkoma: Enginn vegur er að vatninu

Veiði: Bleikja og urriði

Stærð vatns: 0,4 km²

11 Tangavatn og Tangavatnstjörn

Veiðileyfi: Víkur

Skagaströnd: Sjá t.d. leið að Selvatni

Aðkoma: Enginn vegur er að vatninu

Veiði: Mjög léleg veiði í báðum vötnum

Stærð vatns: Tangavatn er um 0,4 km²

12 Þorgeirsvatn

Veiðileyfi: Víkur

Skagaströnd: T.d. leið að Selvatni eða Ölvesvatni

Aðkoma: Enginn vegur er að vatninu

Veiði: Bleikja og urriði

Stærð vatns: 0,3 km²

13 Gegnisvatn

Veiðileyfi: Kári Lárusson, s. 899 2759


Skagaströnd: T.d. leið að Selvatni eða Ölvesvatni

Aðkoma: Enginn vegur er að vatninu

Veiði: Bleikja og urriði

Stærð vatns: 0,4 km²

- VEIÐIVÖTN**
1. Langavain
 2. Skjaldbreiðavain
 3. Laxavain
 4. Nesvörn
 5. Torfdalsvain
 6. Rífsjörn
 7. Selvain
 8. Múlavain
 9. Gellakatsvörn
 10. Þristikla
 11. Tangavain
 12. Þorgilsvain
 13. Gagnsvain
 14. Öfresvain
 15. Ásbúðavain
 16. Torravain
 17. Þangskálavain
 18. Steinhjörn
 19. Djúpavain
 20. Neðsavain
 21. Hraunsvain
 22. Kalluvain
 23. Kelduvikuvain
 24. Hörðuvain
 25. Efra-Nesvain
 26. Aravain
 27. Skjaldbreiðavain
 28. Alfavain
 29. Selvain
 30. Rangarfjörir
 31. Skálavain
 32. Úrkvæsjörm
 33. Kelduvörn
 34. Músvain
 35. Öfresvain og vatnasvæðið Selar
 36. Selvain
 37. Rangarfjörir
 38. Hraunvain
 39. Reyðarfjörir
 40. Bjarnavörn



**VEIÐIVÖTN
Á SKAGAHEIÐI**

- Þjóðvegir
- Aðrir vegir
- Stíkur
- Veiðihús / Kólar
- Björ
- Number ísjar / heði vatts

600-700m
500-600m
400-500m
300-400m
200-300m
100-200m
0-100m

Skvæðir í m. 0 500 1000 1500 2000

STOP
ÞÓTTA- og VEIÐI-ÞÓTTA



Horft í vestur. Ölvesvatn (nyrðra) er næst, þá er eiði á milli þess og Gegnisvatns í fjarska.



Bærinn Hraun er lengst til hægri á myndinni og þar við er Torfavatn. Skagatá nefnist nesið þar sem vitnin er. Í baksýn sér yfir Skagafjörð, Sléttuhlíðarfjöll og í Fljót.



14 Ölvesvatn (nyrðra)

Veiðileyfi: Hraun

Skagaströnd: 47 km

Aðkoma: Enginn vegur er að vatninu

Veiði: Bleikja og urriði

Stærð vatns: 1,4 km²

15 Ásbúðnavatn

Veiðileyfi: Ekki seld veiðileyfi

Skagaströnd: 43 km

Aðkoma: Vatnið er skammt frá bænum

Veiði: Bleikja, lítil veiði er í vatninu

Stærð vatns: 0,5 km²

16 Torfavatn

Veiðileyfi: Hraun

Skagaströnd: 45 km

Aðkoma: Sjávarlón skammt frá Hrauni

Veiði: Bleikja, urriði

Stærð vatns: 0,2 km²

17 Þangskálavatn

Veiðileyfi: Hraun

Skagaströnd: 46 km

Aðkoma: Sjávarlón, skammt frá Hrauni

Veiði: Bleikja, tekur illa

Stærð vatns: 0,2 km²

18 Steinatjörn

Veiðileyfi: Hraun

Skagaströnd: 47 km

Aðkoma: Vatnið er við þjóðveginn

Veiði: Bleikja og urriði

Stærð vatns: 0,2 km²

19 Djúpavatn

Veiðileyfi: Hraun

Skagaströnd: 47 km

Aðkoma: Enginn vegur er að vatninu

Veiði: Bleikja

Stærð vatns: 0,3 km²

20 Neðstavatn

Veiðileyfi: Hraun

Skagaströnd: 47 km

Aðkoma: Um 1 km fólksbílafær malarvegur

Veiði: Aðallega bleikja, einnig stór urriði

Stærð vatns: 0,3 km²

21 Hraunsvatn

Veiðileyfi: Hraun

Skagaströnd: 47 km

Aðkoma: 3 km jeppavegur að vatninu

Veiði: Bleikja og urriði

Stærð vatns: 0,5 km²

22 Kolluvatn (Kollusátursvatn)

Veiðileyfi: Hraun

Skagaströnd: 47 km

Aðkoma: Um 2 km fólksbílafær vegur

Veiði: Bleikja

Stærð vatns: 0,6 km²

23 Kelduvíkurvatn

Veiðileyfi: Hraun

Skagaströnd: 49 km

Aðkoma: Örstutt frá þjóðvegi

Veiði: Urriði, bleikja

Stærð vatns: 0,3 km²

24 Hörtnárvatn

Veiðileyfi: Hraun

Skagaströnd: 49 km

Aðkoma: Er við þjóðveginn

Veiði: Urriði, bleikja, veiði er líka í Nesá

Stærð vatns: 0,4 km²

25 Efra-Nesvatn

Veiðileyfi: Hraun

Skagaströnd: 47 km

Aðkoma: Um 4 km jeppavegur að skála

Veiði: Urriði, bleikja

Stærð vatns: 0,3 km², góð veiði í Nesá

26 Aravatn

Veiðileyfi: Hraun

Skagaströnd: 47 km

Aðkoma: Um 10 km jeppavegur að skála

Veiði: Bleikja og urriði

Stærð vatns: 1,9 km²

27 Skjaldbreiðarvatn (eystra)

Veiðileyfi: Syðra-Malland

Skagaströnd: 52 km

Aðkoma: Tæplega 1 km jeppavegur

Veiði: Bleikja og urriði

Stærð vatns: 0,3 km²



26

Aravatn, í baksýn eru Skagastrandarfjöll, hæst ber Fjallsöxl en hún er ofan við Langavatn.



29



31

28 Álftavatn

Veiðileyfi: Syðra-Malland

Skagaströnd: 54 km

Aðkoma: Enginn vegur en stutt frá Selvatni

Veiði: Bleikja og urriði

Stærð vatns: 0,2 km²

29 Selvatn (eystra)

Veiðileyfi: Syðra-Malland, Keta

Skagaströnd: 54 km

Aðkoma: 7 km slóðar; frá Syðra-Mallandi og Ketu

Veiði: Bleikja og urriði

Stærð vatns: 0,3 km²

30 Rangártjarnir (nyrðri)

Veiðileyfi: Syðra-Malland

Skagaströnd: 54 km

Aðkoma: Um 7 km jeppaslóði

Veiði: Bleikja og urriði

Stærð vatns: Nokkur lítil vötn

31 Skálavatn

Veiðileyfi: Keta

Skagaströnd: 54 km

Aðkoma: Um 8 km slæmur vegur að skála

Veiði: Urriði og bleikja

Stærð vatns: 0,2 km²



32

32 Urðarselstjörn

Veiðileyfi: Keta

Skagaströnd: 54 km

Aðkoma: 3 km slæmur jeppavegur að skála

Veiði: Bleikja og urriði

Stærð vatns: 0,1 km², vatnið er örgrunnt

33 Kelduvötn

Veiðileyfi: Keta

Skagaströnd: 54 km

Aðkoma: Sjá leið að Skálavatni

Veiði: Urriði og bleikja

Stærð vatns: Vötnin eru tvö, Efra- og Neðra-Kelduvatn

34 Másvatn

Veiðileyfi: Veiðileyfi ekki seld

Skagaströnd: 63 km, 56 km yfir Þverárfjall

Aðkoma: Enginn vegur að vatninu

Veiði: Engin veiði í vatninu

Stærð vatns: 0,5 km²



33

35 Ölvesvatn (syðra) og vatnasvæði Selár

Ölvesvatn tilheyrir vatnasvæði Selár sem og Fossvatn, Heyvötn, Stífluvatn, Grunnatjörn, Andavatn og Selvatn, Selá, Eiðsá og Fossá.

Veiðileyfi: Hvalnes

Skagaströnd: 63 km, 56 km yfir Þverárfjall

Aðkoma: Um 6 km lokaður jeppavegur að skálum

Veiði: Bleikja og urriði

Stærð vatns: Ölvesvatn er 2,8 km²

36 Selvatn (syðra), Selá

Veiðileyfi: Selá, Hvalnes

Skagaströnd: 63 km, 56 km yfir Þverárfjall

Aðkoma: Um 8 km jeppavegur

Veiði: Bleikja og urriði, góð veiði í Selá

Stærð vatns: 0,7 km²

37 Rangártjarnir (syðri)

Veiðileyfi: Oddviti Skagabyggðar, Höfnum

Skagaströnd: 63 km, 56 km yfir Þverárfjall

Aðkoma: Enginn vegur er að vatninu

Veiði: Bleikja og urriði

Stærð vatns: Nokkur lítil vötn



35

Séð frá Langavatni í austur yfir Ölvesvatn og Skagafjörð.

38 Hraunvatn

Veiðileyfi: Forsvarsmenn nærliggjandi sveitarfélaga

Skagaströnd: 63 km, 56 km yfir Þverárfjall

Aðkoma: Frá Selvatni er slæm jeppaslóð

Veiði: Urriði og bleikja

Stærð vatns: 0,6 km²

39 Reyðartjörn

Veiðileyfi: Hóll

Skagaströnd: 68 km að Hóli, 51 km yfir Þverárfjall

Aðkoma: Um 8 km jeppaslóð frá Hóli

Veiði: Bleikja

Stærð vatns: 0,3 km²

40 Bjarnarvötn

Veiðileyfi: Gauksstaðir, Skefilsstaðir, Þorbjargarstaðir, Hafragill

Skagaströnd: 71 km, 48 km sé ekið yfir Þverárfjall

Aðkoma: Um 5 km jeppaslóð frá Gauksstöðum

Veiði: Urriði, ekki mikil veiði í vötnunum

Stærð vatns: 2,3 km²



VEIÐI Á SKAGAHEIÐI

Þessi bæklingur er um veiðivötnin á Skagaheiði og er honum ætlað að verða þeim fjölmörgu til upplýsingar sem áhuga hafa á vatnaveiði.

Akfært er að sumum vötnum en að öðrum eru jeppavegir. Að nokkrum vötnum er einungis hægt að komast gangandi og þá með nesti og annan útbúnað í bakpoka.

Í bæklinginn hefur verið safnað saman helstu upplýsingum um veiðivötn á Skaga. Það á við hverjir selja veiðileyfi, hversu langt er að vatni frá Skagaströnd, aðkoma, hvaða veiði er von og þá stærð vatnsins. Í miðopnu bæklingsins er kort sem sýnir öll vötnin. Á það eru allir helstu vegir og jeppaslóðar merktir, bæir í byggð og helstu örnefni.

Skaginn er ekki aðeins fyrir veiðimenn. Hann er undurfullleg úti-vistarparadís fyrir ferðamenn, gönguleiðir eru margar og landslagið ótrúlega fjölbreytilegt.

Vonandi kemur bæklingurinn veiðimönnum að góðum notum og verður hvatning til góðrar umgengni við landið.